



Hlutastarf og efnahagur

– Mismunandi meðal kvenna

og karla á Norðurlöndunum

Upplýsingablað frá NIKK

Hlutastarf og efnahagur

Mismunandi meðal kvenna og karla á Norðurlöndunum

Konur á Norðurlöndunum vinna hlutastörf í meiri mæli en karlar. Þetta hefur áhrif á efnahag kvenna bæði til lengri og skemmri tíma lítið. Hins vegar er mismunandi á Norðurlöndunum hvaða áhrif þetta hefur á eftirlaunin. Þetta kemur fram í norrænni skýrslu sem NIKK hefur unnið.

Á Norðurlöndunum er það mun algengara að konur séu í hlutastarfi en karlar. Eins og taflan hér til hægri sýnir er munurinn álíka mikill á öllum Norðurlöndunum að Finnlandi undanskildu. Á árunum 1995 til 2012 hefur konum í hlutastarfi fækkað í öllum löndunum nema í Finnlandi. Flestar konur eru í hlutastarfi í Noregi; 36 prósent af konum á vinnumarkaði á aldrinum 25 til 64 ára voru í hlutastarfi árið 2012. Sama ár voru 31 prósent sænskra kvenna og 29 prósent danskra kvenna í hlutastarfi á vinnumarkaði og 26 prósent íslenskra kvenna og 15 prósent finnskra kvenna.

Það er áberandi minni munur á milli karla á Norðurlöndunum hvað þetta varðar – karlar eru eftir sem áður í hlutastarfi í undantekningartilvikum. Karlar í hlutastörfum eru flestir í Noregi en fæstir á Íslandi.

Hvaða konur og karlar vinna hlutastarf?


Það er umtalsverður aldursmunur á milli þeirra sem vinna hlutastörf á Norðurlöndunum. Meðal kvenna er það algengast að vera í hlutastarfi í aldurshópnum 25 til 54 ára, en á sama tíma er það algengast að karlar séu annað hvort yngri eða eldri þegar þeir eru í hlutastarfi.

Á öllum Norðurlöndunum er það algengara að konur með litla menntun séu í hlutastarfi á meðan vel menntaðar konur eru í fullri vinnu. Þessi munur er ekki jafn mikill meðal karla.

Hlutastarf - ekki að eigin ósk

Hafa allir sem vinna hlutastarf valið það sjálfir? Í skýrslunni er einnig það sem kallað er „hlutastarf - ekki að eigin ósk“ skoðað sérstaklega. Hlutastarf - ekki að

Hlutastarf/fullt starf meðal kvenna og karla 25-64 ára á vinnumarkaði á Norðurlöndunum árið 2012.




eigin ósk þýðir að viðkomandi vinnur hlutastarf en vill vera í fullu starfi. Hlutfall kvenna og karla sem vinna hlutastarf en vill vera í fullu starfi er mjög mismunandi á Norðurlöndunum. Það er algengast í Finnlandi og á Íslandi en hlutfallið er lægst í Danmörku og Noregi. Með auknu atvinnuleysi hækkar hlutfall þeirra sem eru í hlutastarfi en kjósa fremur að vera í fullu starfi. Þetta sést einkum í kjölfar efnahagshrunsins á 10. áratug síðustu aldar og bankahrunsins árið 2008.

Ástæður hlutastarfa

Algengustu ástæðurnar sem konurnar sjálfar gefa upp um hvers vegna þær vinna hlutastarf tengjast fjölskyldu- og einkalífi, þetta sýnir samanburður á milli árunum 2007 og 2012. Árið 2007 voru það 36 prósent íslenskra kvenna sem svöruðu þessu til og 56 prósent í Danmörku á meðan 30 prósent norskra kvenna og 48 prósent finnskra kvenna gaf þessar ástæður upp árið 2012. Hlutfall kvenna sem

Þróun meðal hlutastarfandi kvenna 25–64 ára á vinnumarkaði á Norðurlöndunum.



vinnur hlutastarf vegna þess að þeim hefur ekki tekist að finna sér fullt starf er líka tiltölulega stórt, sérstaklega á Íslandi og í Danmörku. Aukið hlutfall kvenna í mörgum af Norðurlöndunum segir að það þær séu í hlutastarfi vegna eigin veikinda.

Það er ekki jafn algengt að karlar í hlutastarfi gefi upp fjölskyldulífið sem ástæðu þess að þeir vinna hlutastarf að finnskum körlum undanskyldum. Algengara er að það sé vegna veikinda eða menntunar sem karlar eru í hlutastörfum.

Hvernig hefur hlutastarf áhrif á eftirlaunin?

Til að rannsaka hvernig hlutastarf hefur áhrif á eftirlaunin hafa sérfræðingar skýrslunnar sett upp nokkur einfölduð dæmi. Útreikningar hafa verið gerðir á fjórum mismunandi sviðsmyndum.

- Kona sem vinnur fullt starf sem sjúkraliði allan sinn starfsaldur.

- Kona sem vinnur sem sjúkraliði, 75 prósent hlutastarf í tíu ár.
- Kona sem vinnur fullt starf sem grunnskólakennari allan sinn starfsaldur.
- Kona sem vinnur sem grunnskólakennari í hlutastarfi, 75 prósent í 10 ár.

Allar konurnar eru fæddar árið 1975 og eiga tvö börn. Sérfræðingar á öllum Norðurlöndunum hafa reiknað út eftirlaunin sem konurnar í sviðsmyndunum fá út frá því hvort þær vinna fullt starf eða hlutastarf. Línuritið á næstu síðu sýnir dæmi um hvernig þetta hefur áhrif á eftirlaunin í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Forsendurnar fyrir sviðsmyndirnar eru þær sömu en skýrslan byggir á launakjörum og eftirlaunakerfi í hverju landi fyrir sig. Útreikningarnir byggja á opinberum eftirlaunum og lífeyri viðkomandi lífeyrissjóðs.

Niðurstöðurnar sýna að mismunurinn á eftirlaunum

Framhald á næstu síðu. ►

á milli þeirra sem vinna hlutastarf eða fullt starf er lítill í Danmörku og Noregi. Ástæða þess að mismunurinn er svona lítill er að aðilarnir í sviðsmyndunum eru í fullu starfi stærsta hlutann úr starfsævinni sem hefur meiri þýðingu í danska og norska eftirlaunakerfinu en þessi tíu ár sem viðkomandi voru í hlutastarfi. Eftirlaunakerfi þessara landa bæta auk þess upp tíma þar sem viðkomandi er heima með börnin. Í Danmörku kemur hluti af eftirlaunakerfinu einnig til móts við þá sem hafa lægri tekjur.

Ef sviðsmyndirnar væru reiknaðar út frá lengri tíma en tíu árum í hlutastarfi þá myndi verða meiri munur á eftirlauninum. Í Finnlandi, Íslandi og í Svíþjóð eru eftirlaunin 4-6 prósent lægri hjá konum sem eru í hlutastarfi í samanburði við þær sem eru í fullu starfi. Í þessum löndum endurspeglar eftirlaunin í meira mæli fjölda vinnustunda á starfsævinni.


Efnahagsástand og viðhorf

Niðurstöður frá spurningakönnunum sem gerðar hafa verið sýna að karlar eru almennt ánægðari með laun sín en konur, jafnvel þótt þeir sem vinna hlutastarf hafi tilhneigingu til að vera minna ánægðir – að Dönun undanskyldum. Það er algengara meðal kvenna í Danmörku og í Svíþjóð að þær sem eru í hlutastarfi eru óánægðar með tekjur sínar.

Hlutfall þeirra sem upplifa efnahagsstöðu sína erfiða er sérstaklega stórt meðal hlutastarfandi kvenna í Finnlandi. Tiltölulega stór hluti kvenna og karla sem er í hlutastarfi á Norðurlöndunum segir að þau hafi átt í erfiðleikum með að ná endum saman með lægri tekjur síðustu þrjú ár. Næstum allir eru ánægðir í starfi, konur og karlar hvort heldur þau vinna fullt starf eða hlutastarf. Það eru þó fleiri meðal þeirra sem eru í hlutastarfi en í fullu starfi sem eru óánægðir með atvinnu sína í mörgum af Norðurlöndunum. Langflestir eru ánægðir með líf sitt, hvort sem þeir eru í fullu starfi eða hlutastarfi. Í Finnlandi segja aðeins fleiri konur í hlutastarfi að þær séu ekki ánægðar með líf sitt í samanburði við þær sem vinna fullt starf.

Verkefnið Hlutastarf á Norðurlöndunum kortleggur árið 2014 þær orsakir sem liggja að baki þess, hvers vegna konur og karlar á Norðurlöndunum vinna hlutastörf í ólíkum mæli. Verkefnið varpar einnig ljósi á þær aðgerðir sem aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld hafa gert á vinnumarkaði.

Eftirlaunaspá fyrir sviðsmyndir



Heimild: Útreikningar fyrir Danmörku, Ole Beier Sørensen; Finnland, Suvi Ritola; Ísland, Steinunn Rögnvaldsdóttir; Noreg, Fredrik Haugen; Svíþjóð, Alma Wennemo Lanninger och Marianne Sundström

Um skýrsluna

Norræna Ráðherranefndin hefur falið NIKK, Nordisk information för kunskap om kön að kortleggja hlutastörf á Norðurlöndunum. Í fyrsta hluta rannsóknarinnar er skoðað hvaða áhrif hlutastarf hefur á efnahagslega dreifingu á milli kvenna og karla.

Marianne Sundström, prófessor í vinnu- markaðshagfræði við Stokkhólms háskóla og Alma Wennemo Lanninger meistaranemi skrifuðu skýrsluna Part-Time Work, Gender and Economic Distribution in the Nordic Countries og er þetta upplýsingablað stutt

samantekt úr skýrslunni. Skýrsluna getur þú lesið á nikk.no.

 nikk.no • facebook.com/nikknorden
• [#equalnordic](https://twitter.com/nikktweet)